

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 29. júní 1978

um fimmtu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(78/609/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í lið 1.19 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 73/241/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 76/628/EBE ⁽⁴⁾, er súkkulaði með gíandújahnetum skilgreint.

Í skilgreiningunni á þessari súkkulaðitegund í I. viðauka er ekki kveðið á um notkun mjólkur í mismunandi mynd. Þetta gæti haft það í för með sér að hætt verði að framleiða þessa tegund af súkkulaði sem telst gæðavara.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 108, 8. 5. 1978, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 84, 8. 4. 1978, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 223, 16. 8. 1976, bls. 1.

Samkvæmt venju er heimilt að varan innihaldi ákveðið mjólkurmagn. Því ber að skilgreina þetta betur og heimila til viðbótar lítið magn af mjólk af ýmsum gerðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað liðar 1.19 í I. viðauka við tilskipun 73/241/EBE komi eftirfarandi:

„1.19 *súkkulaði með gíandújahnetum (eða einhverju öðru úr „gíandúja“)*

varan er annars vegar framleidd úr súkkulaði sem í er að minnsta kosti 32% samanlagt af kakóþurrefnum, þar af að minnsta kosti 8% fitusnað kakóþurrefni, og hins vegar úr fínulduðum heslihnetum, þannig að í 100 g vörunnar sé ekki minna en 20 g og ekki meira en 40 g af hnetum.

Einnig er heimilt að bæta við eftirfarandi:

— mjólk eða þurrefnum sem framleidd eru með því að hálf- eða fullþurrka nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu, þó þannig að í fullunninni

vöru sé ekki meira en 5% samtals af þurrmjólk og þar af ekki meira en 1,25% af smjörfitu,

- möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annaðhvort heilum eða í bitum, þannig að til samans, ásamt muldum heslihnetunum, séu þær ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar;“.

2. gr.

Innan eins árs frá birtingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríki, ef þörf er á, breyta lögum sínum til að fara að þessari tilskipun og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þeim lögum sem þannig er breytt skal beitt þannig að:

- markaðssetning á vörum sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði heimil innan tveggja ára frá birtingu hennar,

- markaðssetning á vörum sem ekki eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði bönnuð innan þriggja ára frá birtingu hennar.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

S. AUKEN

forseti.